

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 19. september kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1227. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík. Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurfold 4 - USK23060004 Sótt er um leyfi til að setja útidyrhurð og glugga á vesturhlið bílageymslu á hús nr. 4 við Austurfold. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Árskógar 5 - USK23080089 Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir svalalokunum á svölum allra íbúða á 2. og 3. hæð í húsum nr. 5 og nr.7, á lóð nr. 5-7 við Árskóga. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af meðfylgjandi aðaltekningum útg. 4 og dags. 11. ágúst 2023. Gjald kr. 14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Ásvallagata 18 - USK23090039 Tilkynt er um framkvæmd sem felst í að svalahandrið er endurnýjað á svölum á suðurhlið 2. hæðar í einbýlishúsi á lóð nr. 18 við Ásvallagötu. Erindi fylgir afrit af aðaluppdrætti samþykktum 10. apríl 1926. Gjald kr. 14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Ásvegur 16 - USK23030003 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu og kvist á suðurhlið húss á lóð nr. 16 við Ásveg. Stækkun: 10,9 ferm., 29,3 rúmm. Gjald kr.14.000. Frestað. Lagfæra skráningu.
5. Bergstaðastræti 20 - USK23070036 Sótt er um leyfi til að reisa óeinangrað og óupphitað gróðurhús á steiptum sökkli á norðvesturhluta lóðar, með 3 metra fjarlægð frá lóðarmörkum á lóð nr. 20 við Bergstaðastræti. Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir. Gjald kr.14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. Borgartún 6 - USK23080136 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058905, með síðari breytingum BN060294, BN061321, BN0 61657 og BN061680, þannig að eldarvarnarkerkingar, sem láðist að fjarlægja þegar fallið var frá kröfum vegna sambrunahættu á gluggum, sbr. erindi BN061680, þar sem áður var gert ráð fyrir svölum, eru fjarlægðar á suðurhlið 4. hæðar í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

7. Brautarholt 22 - USK23050100 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi veitingarstaðar í flokki (?), tegund (?) fyrir (?) gesti, á 1. hæð, rými 0101, í hótél- verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 22 við Brautarholt. Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 15. september 2015. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Breiðhöfði 15 - USK23090058 Sótt er um leyfi fyrir 3-7 hæða fjölbýlishús og bílakajallara með 111 íbúðum á lóð nr. 15 við Breiðhöfði. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og einnig vísað til athugasemda.
9. Drafnarstígur 3 - USK23070161 Sótt er um að breyta erindi BN061633 með því að stækka kjallara og færa bíslag. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september sl. fylgir erindi. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2023.
10. Grettisgata 34 - USK23070236 Sótt er um leyfi til að fá ósamþykktu íbúð, samþykktu í húsi á lóð nr. 34 við Grettisgötu. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Grjótagata 5 - USK23060060 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059392 með því að gera nýtt bíslag á austurhlið hússins og færa aðaldyr á miðja götuhlið auk þess að stækka kjallara sem bíslaginu nemur á húsi nr. 5 við Grjótagötu. Erindinu fylgir umsögn Minjastofnunar. Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
12. Hallgerðargata 13 - USK23090024 Sótt er breytingu á innra skipulagi 3.hæðar í húsi á lóð nr.13 við Hallgerðargötu. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. Haðaland 26 - USK23080093 Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi húss á lóð nr. 26 við Haðaland. Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
14. Haðarstígur 12 - USK23040232 Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti á báðum hliðum, lækka gólf í kjallara, grafa frá húsi og innrétta íbúð í kjallara parhúss nr. 12 á lóð nr. 12-14 við Haðarstíg. Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september sl. fylgir erindi
Stækkun: xx rúmm.
Eftir stækkun: 126,3 ferm., 371,9 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2023.
15. Haðarstígur 14 - USK23040233 Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti á báðum hliðum, lækka gólf í kjallara, grafa frá húsi og innrétta íbúð í kjallara parhúss nr. 14 á lóð nr. 12-14 við Haðarstíg. Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september sl. fylgir erindi.

Stækkun: xx rúmm.

Eftir stækkun: 132,2 ferm., 382,8 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2023.

16. Hestháls 14 - USK23080135 Sótt er um leyfi fyrir uppsetningu á biðskýlum með innbyggðum LED auglýsingastandi á steiptum undirstöðum í borgarlandi.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
17. Hávallagata 9 - USK23080057 Sótt er um leyfi til þess að breyta bílskúr í vinnustofu, jafna út halla lóðar þar sem áður var innkeyrsla, breyta gluggum og tröppum að inngangi vinnustofu og kjallara í íbúðarhúsi á lóð nr. 9 við Hávallagötu.
Erindi fylgir árituð greinargerð hönnunarstjóra dags. 25. júlí 2023, áritað umboð hönnuðar dags. 10. júlí 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 30. apríl 2013.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Lagfæra skráningu.
18. Lambhagavegur 12 - USK23080234 Sótt er um byggingarleyfi fyrir byggingu bílapvottastöðvar, ásamt leyfi fyrir jarðefnaeldsneytis sjálfsafgreiðslustöð sem og rafhleðslustöð skv. meðfylgjandi uppdráttum.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
19. Laugavegur 105 - USK23060061 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060167 vegna lokaúttektar þannig að brunavarnir og skráningartafla eru uppfærð, jafnframt því að minni háttar breytingar hafa átt sér stað á rýmisskipan og innra skipulagi í íbúðar- og gistihúsi í flokki II tegund g á lóð nr. 105 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26 apríl 2022.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. Lyngháls 1 - USK23080167 Sótt er um leyfi til að setja upp gámatjald á lóð nr. 1 við Lynghálsi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. Nauthólsvegur 83 - USK23070159 Sótt er um leyfi til þess að byggja 3-4 hæða steinsteypt íbúðarhús ásamt kjallara, með 112 íbúðum, einangrað að utan og klætt sléttri áklæðningu, hús nr. 87A, B og C, mhl.05, á lóð nr. 83 við Nauthólsveg.
Stærð: 7.396.1 ferm., 17.816.9 rúmm.
Erindi fylgir teikningaskrá dags. 13. júlí 2023, deiliskipulagsuppdráttur dags. 14. október 2022, mæliblað 1.755.2 dags. 1. september 2022, hæðablað 1.755.2 útgáfa d, dags. 13. ágúst 2018, greinargerð Eflu ehf um hjóðvist dags. 21. júní 2023 og greinargerð Öruggh ehf um brunavarnir dags. 5. júlí 2023.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. Norðlingabraut 6 - USK23020209 Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypa verkstæðisbyggingu á einni hæð fyrir réttunga og bílasprautun, byggingin er skipt upp í tvo hluta, verkstæði og skrifstofu ásamt stoðrymum í húsi á lóð nr. 6 við Norðlingabraut. Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir afrit eyðublaðs umsóknar, hæðar- og mæliblað, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. mars 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júlí sl. fylgir erindi. Gjald kr.14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
23. Rafstöðvarvegur 31 - USK23070140 Sótt er um leyfi til að breyta 17,6 m² verönd við vesturgafli sem skráð er sem sameign í 22,0 m² svalir og skráð sem eign 01-0101, í húsi nr. 31 við Rafstöðvarveg. Samþykki annarra eiganda fylgir erindinu dags. 06. júlí 2023. Gjald kr.14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. Ránargata 4A - USK23090037 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061724 þannig að innra skipulagi er breytt í hóteli í flokki IV, teg. a, fyrir 62 gesti á lóð nr. 4a við Ránargötu. Gjald kr. 14.000. Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Seiðakvísl 25 - USK23070198 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058744 og breyta björgunaropi í húsi á lóð nr. 25 við Seiðakvísl. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
26. Skipholt 23 - USK23050032 Sótt er um leyfi til að innrétta pílates stúdíó í mhl. 02 á lóð nr. 23 við Skipholt. Erindi fylgir eldri samþykktar teikningar og lóðauppdráttur 1.250.1 dags. 10. desember 2021. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
27. Skipholt 33 - USK23070225 Sótt er um leyfi til að breyta brunahólfun á 1. hæð og í kjallara í húsi á lóð nr. 33 við Skipholt. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. Skógarhlíð 10 - USK23060256 Sótt er um leyfi til að gera breytingar á gististað sem er í fl. IV með því að sækja anddyri, gera innanhússbreytingar auk þess að sækja um skilti fyrir ofan inngang á húsi nr. 10 við Skógarhlíð. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september sl. fylgir erindi. Gjald kr.14.000. Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2023.

29. Sóleyjargata 25 - USK23050323 Sótt er um leyfi fyrir smávægilegum útlitsbreytingum og til þess að breyta innra skipulagi þannig að í stað fjögurra orlofsíbúða verður gerð ein íbúð, jafnframt er þess farið á leit að felld verði niður kvöð um að ekki megi hafa fasta búsetu í einbýlishúsi á lóð nr. 25 við Sóleyjargötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 8. maí 2002.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Lagfæra skráningu.
30. Tryggvagata 14 - USK23080006 Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að koma upp fjarskiptalofneti á húsi á lóð nr. 14 við Tryggvagötu.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 22 júní 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
31. Vatnsveituv. Fákur - USK23060382 Sótt er um leyfi til að skipta húsinu í fastanúmer, eign 0101, F2229306 verður áfram óbreytt en F2053277 verður skipt í tvær eignir, 0102 og 0103 á Vatnsveituv.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
32. Þórunnartún 2 - USK23070226 Sótt er um leyfi til að gera breytingar innanhúss á 3. hæð vegna notkunarbreytinga í húsi nr. 2 við Þórunnartún.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Ýmis mál.

33. Ólafsgesli 105 - fsp - USK23060170 Spurt er hvort leyfi fengist til þess að koma fyrir skjólgirðingu um það bil 60 sm inni á lóð og koma fyrir einfaldri röð af 50-70 cm háu grjóti milli skjólgirðingar og lóðarmarka að borgarlandi á lóð nr. 105 við Ólafsgesla.
Í viðhengi er ný skissa sem ætti að vera nokkuð lýsandi.
Frestað. Málinu vísað til skrifstofu borgarlands til umsagnar.
34. Hraunbær 34 - USK23090031 Spurt er hvort sækja hefði þurft um byggingarleyfi vegna breytinga á innra skipulagi, sem fólst í að skipta stofu í tvö rými með léttum gipsplötum, færa þvottavél fram á svefnherbergisgang og leiða að henni kaldavatnslögn frá baðherbergi í íbúð 0301 í fjölbýlishúsi við Hraunbæ 34, mhl.18 á lóð 2-34 við Hraunbæ.
Áfgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði.

Fundi slitið kl. 12:00

Nikulás Úlfar Másson

Edda Þórsdóttir
Sigurður Stefán Karlsson

Margrét Pálína Cassaro
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir